

7. stjórnarfundur EBAK þriðjudaginn 13. desember 2022 kl. 16.

Mætt: Hallgrímur Gíslason, Torfhildur S. Þorgeirsdóttir, Sigurður Harðarson, Friðrik Vagn Guðjónsson, Margrét Marvinsdóttir, Helgi Aðalsteinsson, Helga Eymundsdóttir, Birgir Björn Svavarsson, Eva B. Magnúsdóttir og Elín S. Antonsdóttir.

Fundargerð:

- 1. Formaður setti fund kl. 16:05.**
- 2. Fundargerð stjórnar frá 15. nóvember tekin fyrir og samþykkt.**
- 3. Viðvera í félagsmiðstöðvum á næstunni verður eftirfarandi:**
 - a. 14. des í Birtu - Elin Antonsdóttir
 - b. 21. des í Birtu - Sigurður Harðarson
 - c. 4. jan. í Birtu – Hallgrímur Gíslason
 - d. 4. jan. í Sölku – Birgir Björn Svavarsson
- 4. Næsti stjórnarfundur ákveðinn 10. janúar 2023 kl. 16.**
- 5. Starfsemin**
 - a. Breytingar í nefndum eru eftirfarandi – Ásdís Árnadóttir lætur af störfum sem formaður ferðanefndar og við tekur varaformaðurinn Halldór Sigurgeirsson. Snjólaug Sigurðardóttir kemur inn í nefndina og tekur við sem gjaldkeri. Í skemmtinefndina kemur Lilja Guðmundsdóttir í stað Erlings Arasonar.
 - b. 13 félagar úr Grýtubakkahreppi komu 16. nóvember og spjölluðu og dönsuðu með okkar fólki. Var sú stund verulega skemmtileg.
- 6. Húsnæðismál**

Heimaþjónustan er að flytja og rýmkast þá starfsemi félagsins um ca. 100 fermetra. Áhugi er á að gera einfalda þarfagreiningu í samráði við Höllu Ottesen svo að viðbótarhúsnæðið nýtist starfseminni sem best.
- 7. Aðalfundur**
 - a. Rita þarf bréf til formanna og gjaldkera fastanefnda félagsins fyrir áramót vegna mannabreytinga.
 - b. Fram kom að mikil vinna er á Torfhildi gjaldkera, einkum vegna fjármála nefnda. Formaður spurði Helgu Eymundsdóttur hvort hún gæti aðstoðað gjaldkera með yfirferð á bókhaldi nefnda. Hún samþykkti það.
 - c. Samþykkt var að leggja fyrir aðalfund að ákveða tveggja ára árgjald í senn.
- 8. Önnur verkefni**
 - a. Hallgrímur sagði frá fundi í öldungaráði
 - b. Héðinn Svarfdal mun kynna verkefnið Virk efri ár mánudaginn 9. janúar nk.
 - c. Aðgerðaáætlun – Vinna við annan áfanga er að hefjast.
- 9. Önnur mál**

- a. Erindi barst frá fræðslunefnd um fyrirlestur Sigríðar Þorgrímsdóttur, þroskaverkefni ellinnar, um að félagið greiði fyrir fyrirlesturinn og ferðakostnað. Stjórn finnst eðlilegt að erindinu sé vísað til meðferðaraðila öldrunarþjónustu.
- b. Snókerspilarar hafa áhuga á að fá að spila í Birtu á laugardögum. Stjórnin teystir sér ekki til að verða við erindinu að svo stöddu m.a. vegna hugsanlegra breytinga á húsnæðinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45.

Fundargerð ritaði Elín S. Antonsdóttir